

Bæjarráð felur bæjarrita að taka saman umsögn um feril máls nr. 2508729 „Framtíðin í fyrsta sæti – grunnskólatillögur“. Samkvæmt dagskrá menntaráðs 19. ágúst sl. var málið lagt fram til kynningar, en var síðan afgreitt á fundinum þrátt fyrir andmæli menntaráðsfulltrúa, bæði á fundinum sjálfum og strax í kjölfar fundarins í tölvupósti til formanns og ritara frá öðrum fulltrúa. Óskað er eftir umfjöllun um hvort málsmeðferðin hafi verið í samræmi við samþykkt samráðs- og vinnuferli. Þá er óskað eftir afstöðu til þess hvort gætt hafi verið að hlutverki menntaráðs í málsmeðferð við framlagningu útfærslu á samræmdum mats kvörðum undir sama málsnúmeri, sem menntaráð fékk aðeins til kynningar en ekki afgreiðslu.